

MAGNÚS ÓLAFSSON *Ljósmyndari Reykjavíkur*



Nafn: _____

Skóli: _____

Bekkur: _____ Dags: _____

Um ljósmyndarann

Magnús Ólafsson (1862-1937) er einn helsti frumherji í íslenskrri ljósmyndun. Verk Magnúsar, sem eru kjölfestan í safneign Ljósmyndasafns Reykjavíkur, varpa ljósi á tímabilið frá aldamótum 1900 fram undir miðbik 20. aldar og fletta upp svipmyndum frá tímabili sem samhliða tækni framförum einkenndist af þjóðfélagsbreytingum og þróun borgarsamfélags í Reykjavík.

Ljósmyndir Magnúsar flétta saman bæði sögulegri og listrænni arfleifð íslenskrar ljósmyndunar og varpa ljósi á hversu mikilvægan þátt hann átti í að skapa þá mynd sem við gerum okkur af Reykjavík og Íslandi í heild sinni í upphafi 20. aldar.

MYNDIR Í BRENNIDEPLI



Skip í Reykjavíkurhöfn, frostaveturinn 1917-1918.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

- Lýstu myndinni. Hvað sérðu?
- Heldur þú að þessi mynd gæti verið tekin í dag?
- Ef nei, hvers vegna ekki?



Skoskar *Border Leicester* kindur á Austurvelli, 1932.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

STEREÓSKÓPMYND

- Lýstu myndinni. Hvað sérðu?
- Er eitthvað óvanalegt við myndina?

Reykjavík

Magnús Ólafsson ljósmyndari tók margar myndir af Reykjavík. Ljósmyndastofan hans var þar og þangað komu margir að láta mynda sig. Skemmtilegast fannst honum að vera úti að taka myndir af fólki, húsum og þegar eitthvað skemmtilegt var að gerast í Reykjavík. Magnúsi fannst mjög gaman að fá sér nýjar myndavélar og á þessum tíma var ekki hægt að kaupa myndavélar á Íslandi heldur þurfti að fara til Kaupmannahafnar til þess. Hann tók líka panorama myndir sem eru langar og mjóar og á þeim sést mjög mikið í einu. Einnig tók Magnús stereóskópmyndir sem eru tvær eins myndir hlið við hlið sem eru settar í kíkí og þegar maður horfir sér maður þær líta þær út eins og maður sé að horfa í alvöru - í þrívídd.



Vígsla sundskólans Grettis í Skerjafirði, 1. ágúst 1909.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

- Hvað er líkt og ólíkt með þessari mynd og myndinni á síðu 3?
- Skrifaðu sögu út frá myndinni.

Landsbyggðin

Magnús tók ekki bara myndir af Reykjavík heldur fannst honum líka gaman að fara út á land og taka myndir af landslaginu. Í þá daga var frekar erfitt að taka myndir og þá sérstaklega að fara út á land. Það voru fáir vegir og þar sem þeir voru þá voru þeir bara holóttir enda áttu ekki margir bíla á þessum tíma, fólk fór yfirleitt á hestum. Myndavélarnar voru ekki eins litlar og léttar og þær eru í dag. Þetta voru stórir trékassar og myndirnar voru teknar á glerplötur sem þurfti að fara ofsalega varlega með svo þær myndu ekki brotna.

PORTRETTMYND



Kona, 1910-1920.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

- Lýstu myndinni. Hvað sérðu?
- Hvað heldur þú að manneskjan geri?
- Lýstu formunum í myndinni.
- Teiknaðu skissu af myndinni.

Fáar myndavélar

Það var mjög sjaldgæft að fólk ætti mynd af sér og örfáir áttu myndavélar. Þess vegna þurfti fólk að fara á ljósmyndastofu til að fá mynd af sér en þetta var mjög dýrt og þess vegna áttu fáir af sér mynd. Það var líka erfitt að framkalla myndirnar því til þess þurfti ljós og birtu og það voru fáir með rafmagn á þessum tíma. Þess vegna þurfti að vera stór gluggi heima hjá Magnúsi svo hann gæti fengið ljós inn til sín og best var að taka myndirnar á sumrin því það er dimmt á veturna, sérstaklega þegar enginn snjór er.

Mynd á forsíðu: Magnús Ólafsson, um 1935. Þjóðminjasafn Íslands.